

Umdæmisstjóri - Governor 2018 -2019
Eypór K. Einarsson



Ég er fæddur þann 31. desember 1959 á Sauðárkróki og er elstur fjögurra systkina. Ólst upp á Ísafirði og bjó þar meira og minna til ársloka 1997 þegar ég flutti með fjölskylduna til Sauðárkróks. Ég er giftur Ásgerði P. Gísladóttur matartækni hjá Landsbankanum og eigum við 2 börn, Guðrúnu og Einar Bjarna. Einnig eigum við 5 barnabörn.

Eftir landspróf og eitt ár í Lýðháskólanum í Skálholti fór ég að vinna hjá Ísafjarðarbæ en 1980 flutti ég til Svíþjóðar og bjó og starfaði í Malmö í tæpt ár. Fljótlega eftir heimkomu byrjaði ég að vinna hjá Símanum sem símsmiður og síðar sem rafeindavirki eftir nám í Tækniskólanum í Reykjavík. Ég vinn hjá Símanum á Ísafirði og síðar á Sauðárkróki til ársloka 2005 en þá flyt ég ásamt fjölskyldu til Reykjavíkur vegna breytinga á mínu starfi.

Vinn núna hjá tæknideild Securitas en var áður hjá tölvudeild Reykjavíkurborgar í mörg ár og viðskiptastjóri hjá Mílu í þrjú ár.

Kynnist Kiwanis á Sauðárkróki haustið 2000 og gekk þá í Drangey og var forseti Drangeyjar 2004 - 2005.

Flutti mig síðan yfir í Eldey haustið 2006 og var forseti Eldeyjar 2011-2012.

Var svæðisráðsritari Ægissvæðis 2007-2008 og formaður þingnefndar 2009-2010 fyrir þingið 2010 í Kópavogi.

Ég var umdæmisféhirðir 2013-2015, formaður fjárhagsnefndar 2015-2016, verðandi kjörumdæmisstjóri 2016-2017 og kjörumdæmisstjóri 2017-2018.

Fyrir utan Kiwanis hef ég líka verið í öðrum félagsstörfum þar á meðal formaður knattspyrnudeildar Tindastóls í fjögur ár, formaður knattspyrnudeildar ÍR í tvö ár og formaður golfklúbbs borgarstarfsmanna.

Helstu áhugamál í dag er golf og ferðalög.